

31. Sp.: Því ekki?

Sv.: Vegna þess, að velferð og heill hvers og eins manns er komin undir velferð og heill allra manna.

32. Sp. Hvernig stendur á því?

Sv.: Hver sem elskar náungann, getur aldrei verið fullkomlega ánægður meðan lestir og þjáningar eru til.

VIII.

KYRKJAN.

1. Sp.: Hvað þýðir „kyrkjan“?

Sv.: Það er hið gríska orð *ἐκκλησία*, söfnuður.

2. Sp.: Hve gömul er kyrkjan?

Sv.: Hún var stofnuð þegar eptir dauða Jesú.

3. Sp.: Höfðu Gyðingar nokkuð líkt kyrkju?

Sv.: Já, samkundurnar. Það var ein í hverju þorpi, og í stórum bæjum margar.

4. Sp.: Hvað gerðu þeir þar?

Sv.: Þeir lásu og útskýrðu lögmálið.

5. Sp.: Eru samkundurnar á nokkurn hátt skyldar kyrkjunum?

Sv.: Já, kyrkjurnar voru myndaðar eptir þeim, og hefðu líklega alls ekki verið til, ef þær hefðu ekki verið.

6. Sp.: Hvað voru kyrkjurnar?

Sv.: Frjáls fjelög karla og kvenna til þess að